

## M-112/2013 Álit 13. mars 2014

### Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 13. mars. 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-112/2013:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 6. desember sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á fartölvu og kaffivél, sem hann keypti af Y.

#### II

##### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Hinn 17. janúar sl. sendi kæruneftndin álitsbeiðanda svohljóðandi bréf:

„Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur nú til meðferðar mál þitt þar sem kvartað er vegna viðskipta við Y. Af því tilefni vill kæruneftndin benda á að hún starfar samkvæmt reglugerð nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa, en í 2. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar segir: „Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Til samræmis við téð ákvæði óskar kæruneftndin því eftir:

- 1) Nánari lýsingu á atvikum máls. Þ.e. upplýsingar um hvenær tölva sú er þú kvartar undan bilaði og hvernig sú bilun lýsti sér.
- 2) Nánari lýsingu á þeirri bilun sem þú telur vera á kaffivél sem þú kvartar undan.
- 3) Nánari lýsingu á samskiptum þínum við seljanda vegna áðurnefndra bilanna.

Þá óskar kæruneftndin eftir hverjum öðrum þeim gögnum sem þú kannt að hafa undir höndum sem varpað gætu ljósi á máli þitt.

Frestur til að skila umbeðnum gögnum og upplýsingum er til 1. febrúar n.k. Verði ekki orðið við þessu má vænta þess að málinu verði vísað frá nefndinni.“

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi og hefur álitsbeiðandi ekki haft samband við hana á annan hátt. Kæruneftndin álítur því óhjákvæmilegt að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kæruneftndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitsbeiðninni hafi verið vísað frá getur álitsbeiðandi sent kæruneftndinni nýja beiðni um álit fylgi henni þau gögn sem beðið var um í bréfi nefndarinnar frá 17. janúar sl.

**III**  
**Álitsorð**

Álitsbeiðni X er vísað frá kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir